

Þróunarsjóður um málefni innflytjenda

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir,
Sérfræðingur í velferðarráðuneyti og starfsmaður innflytjendaráðs

Nauthóll, 12. janúar 2018



Þróunarsjóður innflytjendamála

- » Stofnaður í mars 2007.
- » Reglur um sjóðinn tóku gildi í september 2007
- » [Endurskoðaðar 2010](#)

- » Árleg úthlutun
- » Hvert ár með sérstakt þema



Þema undanfarinna ára

- » 2009 - Áhrif efnahagsástandsins á stöðu innflytjenda og þá sérstaklega langtíma atvinnuleysi.
- » 2010 – (1) Átak til þess að sporna við fordómum gagnvart innflytjendum, félagslegri einangrun meðal innflytjenda og (2) styrkja stöðu innflytjenda á vinnumarkaði.
- » 2011 – (1) Vinna gegn fordómum og auka fjölmenningslega færni, (2) vinna að félagslegri virkni meðal innflytjenda og (3) stuðla að bættri stöðu innflytjenda á vinnumarkaði.
- » 2012 – (1) Styðja við félög innflytjenda sem vinna að hagsmunamálum þeirra, (2) vinna gegn þeim fordómum sem innflytjendur verða fyrir í samfélaginu og (3) hvetja til virkrar þátttöku innflytjenda í samfélaginu.



Þema undanfarinna ára, frh.

- » 2013 – (1) Styðja við félög sem hafa það að markmiði að efla virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og vinna að hagsmunamálum þeirra, (2) stuðla að bættri stöðu innflytjenda á vinnumarkaði og vinna gegn langtímaatvinnuleysi og (3) rannsóknir og verkefni sem varða stöðu innflytjenda á húsnæðismarkaði.
- » 2014 – (1) Styðja við félög sem hafa það að markmiði að efla virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og vinna að hagsmunamálum þeirra, (2) styrkja nærbjónustu við innflytjendur á öllum stigum stjórnsýslunnar og í samfélaginu almennt, (3) verkefni sem sýna hvernig fjölmening eykur félagsauð og styrkir innviði samfélagsins og (4) verkefni og rannsóknir sem beinast að auknum tækifærum innflytjenda til endurmenntunar og starfstengds náms og stuðla almennt að bættri stöðu þeirra á vinnumarkaði.



Þema undanfarinna ára, frh.

- » 2015 – (1) Áhersla á þann mannauð sem býr í innflytjendum og þann styrk sem þeir færa íslensku samfélagi og (2) stuðla að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu og auka sýnileika þeirra.
- » 2016–2017 – (1) Áhersla á þau samfélagslegu áhrif sem fólk af erlendum uppruna hefur á íslenskt samfélag og (2) stuðla að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu og auka sýnileika þeirra.
- » 2017–2018 – (1) Áhersla á verkefni sem tengjast börnum og ungmennum af erlendum uppruna og (2) stuðla að virkri þátttöku innflytjenda í samfélaginu og auka sýnileika þeirra.
- » Alltaf verið hvatt til þess að umsóknir falli að gildandi framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda.



Tilgangur þróunarsjóðsins

- » Efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá.



» Stjórn og skipulag

- Stjórn þróunarsjóðs innflytjendamála er í höndum innflytjendaráðs sem gerir tillögur til ráðherra um veitingu styrkja hverju sinni.

» Fjármunir, varsla og reikningshald.

- 10 m.kr. árlega
- 15 m.kr í þetta sinn.
- Tvisvar sinnum 15 m.kr í stað þrisvar sinnum 10 m.kr.
- Samningur við Háskólasetur Vestfjarða



- » Veittir einu sinni á ári – að jafnaði.
- » Styrkur getur mest numið 75% af heildarkostnaði við verkefni.
- » Innflytjendaráð gerir tillögu til ráðherra um styrkveitingar.



- » Fylla út umsóknirnar á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum.
 - <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>
 - Má sækja um á ENSKU

- » Koma skal fram:
 - Almenn lýsing verkefnis.
 - Hvaða aðilar vinna að verkefninu, verkaskipting og upplýsingar um forsvarsmenn (aðsetur, símanúmer og netföng).



Áframhald á því sem koma þarf fram í umsókn

- » Markmið verkefnis, þar með talinn markhópur og mat umsækjanda á væntanlegri niðurstöðu verkefnis.
- » Framkvæmdaáætlun með tímasetningum og greinagóðri lýsingu á framkvæmd verksins.
- » Fjárhagsáætlun – gera grein fyrir heildarfjármögnun verkefnis, framlagi umsækjanda og annarra og hver sér um bókhald verkefnisins.
- » Lýsing á samstarfi við aðra aðila í tengslum við verkefnið, þar með talin félagasamtök, einkaaðila og opinbera aðila.
- » Áætlun um kynningu niðurstaðna og sýnileika verkefnis.
- » Innflytjendaráð má óska eftir nánari upplýsingum um verkefni og senda umsóknir til sérfræðinga á viðeigandi sviði.



Afgreiðsla styrkja og skyldbindingar

- » Styrkþegi setur sig í samband við Háskólasetur Vestfjarða ef umsókn er samþykkt. Þau sjá um gerð samninga við styrkþega.
- » Styrkir greiðast í tvennu lagi; helmingur við ákvörðun styrks og helmingur þegar verki er lokið og fullnægjandi lokaskýrslu hefur verið skilað sem og uppgjöri.
- » Styrkir eru aðeins veittir félögum, samtökum og opinberum aðilum.
- » Einstaklingum verða að jafnaði einungis veittir styrkir til rannsókna.
- » Styrkþegar skila innflytjendaráði lokaskýrslu og endanlegu fjárhagsuppgjöri að verkefni loknu.
- » Innflytjendaráði er heimilt að óska eftir áfangaskýrslu, eftir atvikum.
- » Sé styrks ekki vitjað innan tveggja ára frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur hann niður.
- » Rannsóknir og niðurstöður verkefna skulu birtar almenningi.



Meðferð umsókna

- » Farið er með allar umsóknir og upplýsingar í fylgigögnum sem trúnaðarmál.
 - » Skýrslur um verkefni ásamt reikningum undanþegin trúnaðarskyldum.
 - » Öllum umsóknum er svarað skriflega.
-
- » Þróunarverkefni og rannsóknir.
 - » Nýsköpun – ekki rekstrarstyrkir.
 - » Ekki verkefni sem hafa verið styrkt áður.



Lýsing á einkunnargjöf

- » Gæði umsóknar.
- » Markmið verkefnis.
- » Fjárhagslegur grundvöllur.
- » Áherslur sjóðsins.

- » Yfirfærslugildi og víðtæk samfélagsáhrif

- » Mikilvægi verkefnis fyrir innflytjendur og/eða fjölmeningarsamfélagið.
- » Árangursmat.
- » Faglegur grundvöllur.

- » Rannsóknir.



Spurningar?

